

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2021

frá 11. júní 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1272 frá 4. júní 2020 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1273 frá 4. júní 2020 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 29bda (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979):

„, breytt með:

- **32020 R 1272:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1272 frá 4. júní 2020 (Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 6.

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 22. gr. a., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „16. september 2020“ sem „daginn fyrir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2021 frá 11. júní 2021“.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 29bdb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980):

„, breytt með:

– **32020 R 1273**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1273 frá 4. júní 2020 (Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 6).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 46. gr. a., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „16. september 2020“ sem „daginn fyrir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2021 frá 11. júní 2021“.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2020/1272 og (ESB) 2020/1273, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.